

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Menningarmiðstöð Þingeyinga (MMP).

1. gr.

Rekstrarform.

MMP er sjálfseignarstofnun. Stofnaðilar voru Langanesbyggð, kt. 420369-1749, Norðurþing, kt. 640169-5599, Skútustaðahreppur, kt. 600269-1009, Tjörneshreppur, kt. 600269-1009, Svalbarðshreppur, kt. 640269-1979 og Þingeyjarsveit, kt. 590602-2640.

Með stofnskrá dagsettri 14. maí 2007 var ákveðið að þáverandi hreinar eignir Safnahússins á Húsavík og Byggðasafns Norður-Þingeyinga rynnðu til sjálfseignarstofnunarinnar og varð stofnfé hennar 3.829.481 kr. 1. janúar 2007 (skv. efnahagsreikningi 31. desember 2006).

Rekstur MMP lýtur ákvæðum safnalaga, nr. 141/2011, laga um Þjóðminjasafn Íslands, nr. 140/2011, laga um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014, reglugerðar um héraðsskjalasöfn, nr. 283/1994, og laga um menningarminjar, nr. 80/2012. Reksturinn lýtur einnig ákvæðum laga um Náttúruminjasafn Íslands, nr. 35/2007, og myndlistarlaga, nr. 64/2012. Söfn undir rekstri MMP lúta jafnframt ákvæðum siðareglna Alþjóðaráðs safna (ICOM).

2. gr.

Starfssvæði og rekstraraðilar.

Lögheimili MMP er að Stóragarði 17, 640 Húsavík. Starfssvæðið nær til þeirra sveitarfélaga sem eru eða verða aðilar að starfseminni og leggja til rekstrarfé. Núverandi rekstraraðilar eru sveitarfélögin Langanesbyggð, kt. 420369-1749, Norðurþing, kt. 640169-5599, Tjörneshreppur, kt. 600269-1009 og Þingeyjarsveit, kt. 550322-1100.

3. gr.

Hlutverk og tilgangur.

Hlutverk og tilgangur MMP er:

Að safna, skrásetja, varðveita, hlúa að forvörslu og kynna muni, myndir, skjöl, listaverk og aðra menningararfleifið er flokkast undir söfn og safneignir er heyra undir stofnunina og varpað geta ljósi á umhverfi, líf, störf og sköpun fólks í héraðinu og hafa menningarsögulegt gildi fyrir svæðið. Að geyma muni og minjar sem safnið tekur á móti til varðveislu við bestu mögulegu skilyrði í varðveislurýmum eða sýningarsölum sem tilheyra stofnuninni.

Stuðla að varðveislu og rannsóknum á menningarminjum svæðisins.

Leitast við að efla vitund fólks um sérkenni og menningararf svæðisins og halda þeim sérkennum við með fræðslu og miðlun.

Að stuðla að og efla hvers konar menningarstarfsemi í héraðinu.

Að styðja og styrkja aðra safna- og sýningastarfsemi í héraðinu með fagþekkingu.

MMP hefur vegna sögu sinnar, tilgangs og hlutverks bæði sérstöðu og menningarlegar skyldur sem eru víðtækari en hjá öðrum söfnum héraðsins. Þær skyldur snúa að varðveislu menningararfs, miðlun, ráðgjöf og ákveðinni forystu í safnamálum á víðfeðmu starfssvæðinu.

4. gr.

Starfsemi.

MMP annast:

Byggðasafn Þingeyinga – deildaskipt:

- Byggðasafn Suður-Þingeyinga, Safnahúsinu á Húsavík – grunnsýningar og sérsýningar sem veita innsýn í sögu og menningu héraðsins, rannsóknir, skráningar, fornleifarannsóknir, húsakannanir o.fl.
- Byggðasafn Suður-Þingeyinga – Sjóminjasafn, Safnahúsinu á Húsavík – varðveisla og miðlun sjóminja og sögu sjósóknar í héraði.

3. Byggðasafn Suður-Þingeyinga, Grenjaðarstað – (sögusýning).
4. Byggðasafn Norður-Þingeyinga, Snartarstöðum – (sögusýning).
Héraðsskjalasafn Þingeyinga, Safnahúsinu á Húsavík.
Ljósmyndasafn Þingeyinga, Safnahúsinu á Húsavík.
Náttúrugripasafn Þingeyinga, Safnahúsinu á Húsavík.
Myndlistarsafn Þingeyinga, Safnahúsinu á Húsavík – listsýningar með verkum úr safneign og í samvinnu við aðra.
Rekstur byggðasýningar í Sauðaneshúsi.
Útgáfu prentefnis sem snýr að viðfangsefnum og þörfum stofnunarinnar hverju sinni.
Menningarviðburði, sjálfstætt eða í samvinnu við aðra.
Samvinnu við aðrar menningarstofnanir á starfssvæðinu.
Aðstoð og ráðgjöf við aðila starfssvæðisins í menningartengdum verkefnum, s.s. sveitarfélögin sem standa að rekstrinum, einkasöfn og -sýningar.

MMP er heimilt að annast rekstur annarra safna og safneigna í héraðinu samkvæmt sérsamningum þar um.

5. gr.

Stjórn safnsins, fundir og fundarsköp.

Stjórn MMP skal skipuð sex fulltrúum og jafnmörgum til vara sem kosnir eru eftir sveitarstjórnarkosningar og til fjögurra ára í senn. Tvö fjölmennari sveitarfélögin, Norðurþing og Þingeyjar-sveit, skulu tilnefna tvo fulltrúa hvort en hin tvö fámennari, Langanesbyggð og Tjörneshreppur, skulu tilnefna einn fulltrúa hvort. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt. Fulltrúar stjórnar MMP sitja í umboði sinna sveitarfélaga, hafa heimild til afgreiðslu ársreikninga sem og fjárhags- og verkefna-áætlana og skulu bæði aðal- og varafulltrúar vera aðal- eða varamenn í sveitarstjórnnum aðildar-sveitarfélaganna.

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar skal stjórn skipta með sér verkum og kjósa sér formann.

Formaður stjórnar skal stýra fundum stjórnar. Stjórnin kys sér fundarritara og skulu fundargerðir færðar skipulega í gerðabók.

Stjórnarfundir skulu haldnir tvisvar sinnum á ári, auk aðalfundar að vori, en oftar ef þurfa þykir.

Stjórn skal setja starfsáætlun fyrir hvert ár og sjá um að afla starfseminni tekna. Starfsár og reikningsár er frá 1. janúar til 31. desember.

Á fundum stjórnar ræður meirihluti atkvæða úrslitum. Ef atkvæði fundar falla jafnt hefur atkvæði formanns tvöfalt vægi.

Hver fulltrúi stjórnar getur krafist stjórnarfundar og skal það gert skriflega og sent framkvæmdastjóra MMP sem boða skal til fundarins. Skal fundurinn haldinn innan þriggja vikna frá því krafan er gerð.

Láti stjórnarfulltrúi af stjórnarstörfum tekur sá varamaður, sem tilnefndur var af sama sveitarfélagi og viðkomandi stjórnarmaður, sæti hans í stjórn frá og með næsta stjórnarfund.

6. gr.

Framkvæmdastjóri.

Stjórn ræður framkvæmdastjóra sem hafa skal háskólamenntun sem nýtist í starfi. Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu og/eða reynslu af rekstri menningarstofnunar og skal jafnframt hafa staðgóða þekkingu á viðfangsefnum stofnunarinnar. Starfssvið framkvæmdastjóra skal skilgreint í skriflegum starfssamningi og er viðkomandi jafnframt safnstjóri hinna ólíku safna/safneigna nema annað sé ákveðið. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk við stofnunina í samræmi við heimildir í fjárhagsáætlun hverju sinni.

7. gr.

Fjármál og rekstur.

Sveitarfélögin sem aðild eiga að MMP skuldbinda sig til þess með skipulagsskrá þessari að tryggja starfsemiinni fastar rekstrartekjur í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun hverju sinni. Aðrar fastar tekjur eru framlög ríkisins vegna héraðsskjalasafns. Þá aflar stofnunin sér einnig tekna með aðgangseyri, sölu á þjónustu og á annan hátt s.s. með framlögum frá einstaklingum, félagasamtökum og fyrirtækjum.

Framkvæmdastjóri, í samráði við formann stjórnar, leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun fyrir stjórn stofnunarinnar eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Skipting framlaga frá stofnaðilum, til rekstrar og framkvæmda hverju sinni, skal reiknuð eftir höfðatölu. Fjárhagsáætlunin skal send sveitarstjórnnum og afgreiddast í samræmi við samþykktir stjórnar stofnunarinnar.

Reikningar MMP skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem stjórnin ræður.

Hugsanlegur arður af rekstri stofnunarinnar rennur óskiptur til hennar sjálfrar.

8. gr.

Aðalfundur.

Aðalfund skal halda fyrir 31. maí ár hvert. Framkvæmdastjóri boðar til aðalfundar í samráði við formann stjórnar og skal það gert með skriflegu/rafrænu fundarboði og sent aðalfulltrúum stjórnar með minnst 7 daga fyrirvara. Skal komandi dagskrá fylgja aðalfundarboði.

Á aðalfundi skulu eftirtalin málefni afgreidd:

Skýrsla stjórnar.

Endurskoðaður ársreikningur skal borinn upp til samþykktar.

Áætlun um tekjur og gjöld yfirstandandi árs skal borin upp til samþykktar.

Tillögur að breytingum á skipulagsskrá og viðaukum sjálfseignarstofnunarinnar, svo og stofnskrám og stefnu hinna mismunandi safna, skulu bornar fram.

Ársskýrsla stofnunarinnar skal kynnt.

Ef taka á breytingartillögu á skipulagsskrá til meðferðar á aðalfundi skal hún fylgja aðalfundarboði.

Sveitarstjórnarfulltrúar og framkvæmdastjórar þeirra sveitarfélaga sem standa að rekstri MMP hafa seturétt á aðalfundi stofnunarinnar.

9. gr.

Breytingar á skipulagsskrá.

Breytingar á skipulagsskrá MMP eru háðar samþykki stjórnar og fulltrúa aðalfundar. Tillögur að breytingum skulu sendar með aðalfundarboði. Til að breyta skipulagsskrá MMP þarf samþykki $\frac{3}{4}$ hluta þeirra fulltrúa er aðalfund sitja.

10. gr.

Niðurfelling starfsemi og aðildar.

Ef til þess kemur að leggja eigi stofnunina niður eða breyta rekstrarformi hennar skuldbinda sveitarfélögin sig, þau sem að MMP standa, til að ráðstafa safngripum og skráningu í samstarfi við viðeigandi höfuðsafn, sbr. 12. gr. safnalaga nr. 141/2011. Öðrum eigum skal ráðstafað að höfðu samráði við viðeigandi ráðuneyti. Lausafjármunir stofnunarinnar, ef einhverjir verða, fylgi þá safngripum stofnunarinnar til varðveislu þeirra. Stofnframlög og önnur framlög til sjálfseignarstofnunarinnar eru ekki endurkræf.

11. gr.

Gildistaka.

Skipulagsskrá þessa staðfesta fulltrúar í stjórn MMP með undirritun sinni og tekur hún gildi við staðfestingu sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Eldri skipulagsskrá undirrituð 15. nóvember 2010, nr. 957/2010, með breytingu dags. 28. nóvember 2014, nr. 1069/2014, fellur úr gildi við samþykkt þessarar skipulagsskrár.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 20. ágúst 2024,

Jakob Andri Þórarinsson.

Auður Steingrímsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 28. apríl 2025